

VÍSINDI Í LEIKSKÓLASTARFI

LOKASKÝRSLA

Guðmunda Inga Gunnarsdóttir
Stefanía Ólöf Reynisdóttir
Leikskólinn Akrar, 2017

Lokaskýrsla v/þróunarstyrks leikskóla Garðabæjar

Heiti verkefnis: Vísindi

Styrkþegar: Stefanía Ólöf Reynisdóttir og Guðmunda Inga Gunnarsdóttir/Leikskólinn Akkrar

Verkefnisstjóri: Stefanía Ólöf Reynisdóttir og Guðmunda Inga Gunnarsdóttir

Markmið verkefnisins samkvæmt umsókn:

Markmið verkefnisins er að safna fjölbreyttum efnivið í vísindastundir og gera hann aðgengilegan fyrir kennslustundir. Ætlunin er að vekja upp áhuga og forvitni barna á vísindum og einnig hvetja til rannsókna og kannana. Unnið er með námsathafnir frá sjónarmiði barna í formi leiks sem fela í sér tilraunir og rannsóknir á sviði raunvísinda s.s. eðlis-, efna- og stjörnufræði. Áhersla er lögð á að leikirnir séu málörvandi, þ.e. að börnin læri ný orð og hugtök sem ekki koma fyrir í hversdagslegum samræðum, en geti nýtt sér á efri stigum skólakerfisins.

Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum þ.e. framkvæmd, tímaáætlun og umfang verkefnis:

Fyrstu vinnustundirnar fóru í að skipuleggja kaup á þeim tækjum og tólum sem áætlun gerði ráð fyrir. Unnið var marvisst í því að safna hinum ýmsum efniviði, bæði sem var keyptur inn og einnig sem til fannst innanhúss og utan. Ýmislegt verðlaust hefur safnast til, s.s. niðursuðudósir og dropateljarar undan snyrtivörum og einnig hafa persónuleg innkaup í Bónus o.fl. verið lituð með ýmsar tilraunir í huga.

Keyptir voru þrjár kassar sem voru merktir sínum fræðum, þ.e. einn kassinn er merktur stjörnufræði, annar efnafræði og sá þriðji eðlisfræði. Hlutum var komið fyrir í þeim kassa sem þeir áttu heima og því næst var útbúið spjald með mynd af þeim hlutum sem áttu heima

Í hverjum kassa til þess að auðvelda starfsólki aðgengi að öllum búnaði og ganga frá þeim.

Útbúnar voru alls kyns leiðbeiningar og hugmyndir fyrir starfsfólk í möppu sem var komið fyrir með kössunum ásamt því að keyptar voru vísindabækur sem innihalda skemmtileg tilraunaverkefni. Einnig hafa umsækjendur verið iðnir við að finna ýmsar skemmtilegar vísindasíður á veraldarvefnum fyrir börn sem hafa gefið skemmtilegar hugmyndir.

Í vetur hafa styrkþegar verið með umsjón yfir skipulagðri vísindakennslu sem fram fer einu sinni í viku í u.þ.b. tvo tíma ásamt þriðja til fjórða starfsmanni en ætlunin er að allir starfsmenn geti tekið kennsluna að sér. Fljótlega varð þess vart að vísindin urðu gríðarlega vinsæl meðal barna og kennara og gaman var að sjá áhuga og spenning barnanna fyrir næstu kennslustund. Vísindakennslan hefur hingað til verið val í kennslu, en einnig hafa eldri deildirnar nýtt sér tól og tæki úr kössunum undir handleiðslu kennara. Allur aldur (tveggja til sex ára) hefur tekið þátt í starfinu en hver kennslustund hefur tekið mið að því og verkefni eru fjölbreytt hverju sinni, þ.e. settar hafa verið upp stöðvar (oftast fjórar) með eitthvað við hæfi fyrir alla. Markmiðið er að koma vísindastarfinu betur inn í skipulagt hópastarf á öllum deildum leikskólans, einnig hjá þeim yngstu.

Allar kennslustundirnar hafa verið myndaðar og er ráðgert að útbúa eins konar sögubók um upphaf vísindakennslunnar og ókomin ár.

Tímaáætlun hefur staðist með ágætum þó svo að áætlaður tími sé töluvert minni en raunin og eitthvað er ógert eins og formleg kynning á verkefninu fyrir alla starfsmenn. Ætlunin er að fá með haustinu að kynna verkefnið enn betur fyrir starfsfólki á skipulögðum starfsmannafundi og fá til okkar faglegan ráðgjafa með haustinu þegar öll formleg starfsemi er komin í gang og nýtt starfsfólk búið að koma sér fyrir.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun:

Verkefnið er búið að ganga ágætlega þrátt fyrir annarsemi beggja styrktarþega í námi utan vinnu. Öll innkaup voru skipulögð áður en verkefnið hófst þannig að við vissum vel hvað og hvar hlutina væru að sækja. Vegna velvildar leikskólastjóra gátum við skotist á vinnutíma til þess að skoða og sækja hluti sem til þurfti. Flest allt er komið og hefur góð fjárhagsáætlun

okkar staðist hvað innkaupin varðar.

Laun styrktarþega voru reiknuð út frá tíu stunda vinnu hvor og er það óhætt að segja að sá hluti áætlunarinnar hafi verið vanmetin. Auðvitað fer miklu meiri tími í að koma slíkri vinnu í gang en áhugi okkar og metnaður fyrir hönd leikskólans er mikill og þær vinsældir, áhugi og gleði sem hefur gert vart við sig hjá börnunum eru bestu launin. Við munum þess vegna halda áfram um ókomna tíð að bjóða upp á og bæta vísindakennsluna í okkar skóla.

Ekki var áætlað að allt gengi snurðulaust fyrir sig og varð það snemma ljóst að hverja kennslustund þarf að undirbúa vel og þar hefði verið hægt að virkja aðra starfsmenn betur, en eins og áður sagði er það eitt af markmiðunum að virkja þann þátt betur.

Vegna þétts skipulags hefur það ekki tekist að koma formlegri kynningu að en búið er að leggja inn beiðni hjá leikskólastjóra um að koma henni að þegar í stað í haust.

Mat á verkefninu:

Verkefnið hefur í alla staði verið mjög ánægjulegt. Það er gaman að upplifa hversu mikill áhugi er hjá börnunum á öllum sviðum vísindanna. Vísindin hafa verið ávinningur fyrir alla, jafnt starfsfólks og barna. Vísindavalið er orðið það vinsælasta í leikskólanum og hafa styrktarþegar fengið viðurnefnin „vísindakonurnar“. Það má til gamans geta að móðir eins nemendanna hefur tilkynnt það að verkefnið hafi getið af sér vísindamann framtíðarinnar og að hann hafi tileinkað sér hugtakið *þolinmæði* sem mikið hefur verið notað í efnafræðitilraunum þegar unnið er með margs konar efnablöndur og þarf að bíða eftir niðurstöðum. Ekki er annað hægt að segja en að markmiði verkefnisins sé náð þegar útkoman er slík og eru styrktarþegar sannfærðir um að það sem börnin endurspegla sé besta matstækið.

Þegar formleg vísindakennsla hefst á ný í haust er markmiðið að leggja fyrir starfsmenn könnun með spurningum um efnivið, aðgengi, áhuga og virkni barnanna. Einnig er mikilvægt að fá álit starfsmanna á hvað megi bæta.

Ráðstöfun styrks:

Heildarupphæð styrks var 344.000 sem skiptist í þrjá flokka: Efniskaup fyrir 158.000, laun þátttakenda 150.000 og laun sérfræðinga og ráðgjafa 36.000.

Efniskostnaður hefur staðist mjög vel þó að ekki sé allt komið. Eins og áður sagði var gerð áætlun fyrirfram og hefur hún staðist algjörlega.

Laun voru áætluð 75.000 á mann fyrir tíu tíma vinnu en það var tæplega áætlað.

Laun sérfræðings hafa ekki verið nýtt þar sem alltaf stóð til að fá hann inn þegar reynsla væri komin á starfið og þykir það við hæfi í haust þegar formlegt starf hefst á ný.

Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning:

Afrakstur verkefnisins er að efla sköpunarkraft, athafnagleði og forvitni barna og vekja upp áhuga þeirra og hvetja til gagnrýnnar hugsunar í gegnum fjölbreytilegt leikumhverfi. Með vísindakössunum fær starfsfólk efnivið til að gera vísindi að einum af sterku þáttum leikskólans til þess að uppfylla gildi hans sem eru virkni og vellíðan. Vísindaverkefnið er skemmtileg viðbót við starfsemi leikskólans og hefur verið starfsfólki og börnum mikill gleði- og fróðleiksgjafi og vonandi verður áframhaldandi þróun um ókomin ár og virkinn fari vaxandi.

Kynning:

Við teljum það hafa verið mjög mikilvægt að starfið hafi fengið reynslutíma í vetur áður en að vísindin verði formlega kynnt fyrir starfsfólki.

Í haust fer svo fram kynning fyrir starfsfólki leikskólans þar sem farið verður yfir innihald kassanna og möguleikana sem þeir bjóða upp á. Einnig verður farið yfir það hvernig gera eigi börnin að virkum þátttakendum og bjóða starfsfólki að þróa starfið áfram með okkur. Einnig er ætlunin að fá inn sérfræðing til að halda stutt námskeið.

Vísindakassarnir eru mjög aðgengilegir ásamt leiðbeiningum og ekkert mál er að flytja kassana á milli deilda eða jafnvel nota einstaka hluti úr þeim. Við teljum það mjög mikilvægt að allir noti það sem kassarnir hafa upp á að bjóða.

Eins og áður sagði eru áform í að efla starfsfólk frekar í kennslu í vísindum og vonandi munum við ná að örva enn fleiri til þess að taka þátt í þróun starfsins. Einnig verður vísindakennslan færð í einhvers konar rit með myndum og texta sem við getur miðlað áfram til foreldra og annarra skóla.

Garðabær, 9. júní 2017

Stefanía Ólöf Reynisdóttir

Guðmunda Inga Gunnarsdóttir

Markmið og áherslupættir Vísindaverkefnisins

Markmið

Markmið verkefnisins er að safna fjölbreyttum efnivið í vísindastundir og gera hann aðgengilegan fyrir kennslustundir. Ætlunin er að vekja upp áhuga og forvitni barna á vísindum og einnig hvetja til rannsókna og kannana. Unnið er með námsathafnir frá sjónarmiði barna í formi leiks sem fela í sér tilraunir og rannsóknir á sviði raunvísinda s.s. eðlis-, efna- og stjörnufræði. Áhersla er lögð á að leikirnir séu málörvandi, þ.e. að börnin læri ný orð og hugtök sem ekki koma fyrir í hversdagslegum samræðum, en geti nýtt sér á efri stigum skólakerfisins.

Áherslupættir

Yngsta stig

Sköpun

Læsi

Íslenska

Náttúrugreinar

Stærðfræði

Upplýsinga og tæknimennt